

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um nýtt upplag af sálma- **69**
 bókinni, vil jeg tjá yður það, sem nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar 31. maí.
 fyrir hlutaðeiganda.

Jeg álit það ekki ráðlegt að selja hvorki Einari Þórðarsyni nje neinum öðrum forlagsrjettinn allan að sálma- bókinni, þar á móti er jeg fús á að selja Einari rjett til að halda áfram og gefa út á eigin kostnað það 1400 exemplara upplag af bók þessari, sem hann samkvæmt brjefi sínu frá 22. f. m. er byrjaður á, ef hann vill borga lands- sjóði 100 kr. fyrir þann rjett. Rjetturinn til þess að gefa út þetta 1400 expl. upplag verður seldur með þeim skilyrðum, að upplagið verði fullprentað fyrir útgöngu júlímán- aðar þ. á., að hvert exemplar bókarinnar verði ekki selt dýrara en 1 kr. 25 a., og að bókin verði vel og vandlega úr garði gerð.

— Brjef landshöfðingja til biskups um flutning á kirkju. — Með því að hlutað- **70**
 eigandi sóknarnefnd með samþykki hjeradsfundar Snæfellsness-prófastsdæmis hefir farið 8. júní.
 fram á, að Laugarbrekkukirkja í tjeðu prófastsdæmi verði flutt þaðan, sem nú er hún, að Hellnum, vil jeg með ráði yðar, herra biskup í brjefi frá 27. apríl þ. á. og samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880 (A. 3) um skipun prestakalla, hjer með samþykkja þenna flutning.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um **71**
 efling búnaðar. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður frá 15. júní.
 30. f. m., hefi jeg samkvæmt tillögum amtsráðsins samþykkt, að 2000 kr. þeim, sem af fje því, er veitt er með 9. gr. C. 4. fjárlaganna til eflingar búnaði, tilfalla búnaðarfje- lögum og sjóðum í norður- og austurumdæminu fyrir yfirstandandi ár, verði skipt milli þeirra, sem næst verða má þeirri reglu, að hvert þessara búnaðarfjelaga fái eptir því meiri eður minni styrk, sem fjelagið framkvæmir á þessu sumri meira eða minna af þarflegum og varanlegum jarðabótum.

Skiptingin mun samkvæmt þessu fara fram, þegar viðkomandi búnaðarfjelög, er óska að koma til greina við skiptinguna, hafa innan 15. september þ. á. sent amtsráð- inu skýrslu um framkvæmdir sínar á þessu sumri, og amtsráðið þar eptir hefir með pósti þeim, er fer frá Akureyri 27. s. m., sent skýrslurnar hingað með álitu sínu og til- lögum.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, og skal því við bætt, að jeg samkvæmt tillögum amts- ráðsins hefi af hinum helmingnum af fje því, er ræðir um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna, veitt sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu 200 kr. styrk til launa handa ferðandi búfræð- ingi Jósepi Björnssyni fyrir yfirstandandi ár, og hefi jeg í dag tilkynnt sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu þetta.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — Eptir **72**
 að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 20. apríl þ. á., 30. júní.
 og samið útaf því allraþegnlegastar tillögur, hefir hans hátign konunginum þóknast 27.

Hinn 18. ágúst 1881.